

Til ríkisstjórnar Íslands.

Ályktun frá norrænu ráðstefnunni „Vitar- og strandmenning á Norðurlöndum 2006“.

Fulltrúar frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Íslandi hittust á ráðstefnunni *Vitar- og strandmenning á Norðurlöndum 2006* í Stykkishólmi, 25. - 26. maí 2006.

Ráðstefnan var skipulögð af Íslenska vitafélaginu í samvinnu við vitafélögin í Svíþjóð og Noregi. Aðalsamstarfsaðili var Norræni menningarsjóðurinn, ásamt Sjávarútvegsráðuneyti Íslands, Samgönguráðuneytinu, Menntamálaráðuneytinu og Umhverfisráðuneytinu.

Tilgangur ráðstefnunnar var að meta stöðu og framtíðarhorfur vita og strandmenningar á Norðurlöndum. verndun þeirra, notkun og verðmætasköpun, í t.d. ferðaþjónustu. Að auki fengust upplýsingar um margs konar vita- og strandmenningarverkefni sem eru í gangi á Íslandi.

Þessi verkefni sýna aukinn skilning og áhuga á málefnum hjá íslenskum stjórnvöldum, í menntun, útiveru og ferðamennsku.

Fulltrúar ríkisstjórnar Íslands, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, kynntu ráðstefnugestum sjónarmið ríkisstjórnarinnar og fyrirætlanir, bæði hvað varðar verndun vita og strandmenningar og ekki síður verðmætasköpun, t. d. í tengslum við ferðaþjónustu.

Ráðstefnugestir eru mjög jákvæðir gagnvart þátttöku ríkisstjórnarinnar á þessu sviði.

Ráðstefnan leggur til við ríkisstjórn Íslands að hún setji í gang undirbúningsvinnu til að koma á fót verkefni með það að markmiði að auka verðmætasköpun í tengslum við íslenskan vita- og strandmenningu. Þetta verkefni getur orðið verkfæri þjóðarinnar til að þróa og efla vita- og strandmenningu á Íslandi og samtímis byggja upp ferðaþjónustu á þessum grunni.

Verkefnið þarf að innihalda lýsingu á starfsaðstöðu, fjárveitingum og því sjálfböðastarfi sem hægt væri að nýta sér.

Þátttakendurnir á ráðstefnunni Vitar- og strandmenning á Norðurlöndum 2006 mæla með því að skipulögð verði innanlandsráðstefna með samtökum, stofnunum, fulltrúum hins opinbera og einkafyrirtækjum, sérstaklega í

ferðaþjónustunni, til að ræða betur möguleika á samstarfi, skipulagningu á þróunarverkefnum og framtíðarhorfum fyrir íslenska vita- og strandmenningu.

Þátttakendurnir á ráðstefnunni vilja að lokum þakka íslensku ríkisstjórninni fyrir að hafa gert það mögulegt fyrir Íslenska vitafélagið að halda ráðstefnuna *Vitar- og strandmenning á Norðurlöndum 2006*.